



Ungmennasamband Kjalarnesþings

SKÝRSLA OG REIKNINGAR



62. ÁRSÞING

KIRKJUHVOLI GARÐABÆ 27. febrúar 1986

ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR UMSK 1985 - 1986:

Efnisyfirlit:

	bls.
Ávarp Formanns.....	2
Minning.....	3
Skýrsla stjórnar.....	4
Lög UMSK.....	26
Reikningar.....	28

Forsíðumyndin er af boðhlaupssveit UMFÍ sem hljóp 10 x 200 m.
á danska landsmótinu 1985.

UMSK átti fimm hlaupara af tíu í sveitinni.

ÁVARP FORMANNS.

Þá er enn eitt starfsár að baki og komið að 62. ársþingi UMSK. Tíminn er kominn til að gera upp reikninga, skýra frá starfi sambandsins og móta nýtt starfsár.

Það verður að segjast að margt í okkar starfi fór öðruvísi en ætlað var. Má þar nefna Jónsmessuhátíð, sem á síðustu stundu var gerð að engu þegar sýslumaður Árnassýslu neitaði UMSK um skemmtanaleyfi. Verður nánar skýrt frá því máli hér á eftir, undir skýrslu stjórnar.

Starfsmannamálin fóru sumpart á allt annan veg en áætlað var og mikill tími fór í að leggja þær öldur sem vaktar voru upp á síðasta ársþingi. En fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Stjórn UMSK gekk endanlega frá umsókn til UMFÍ um landsmótshald 1990 í samvinnu við bæjaryfirvöld í Mosfellsveit. Mikil vinna var lögð í að gera umsóknina sem besta úr garði og erum við stjórnarmenn bjartsýn á að hún verði samþykkt af stjórn UMFÍ. En til þess að svo geti orðið, verður á þessu þingi, að koma fram skýr afstaða aðildarféлага UMSK til landsmótshalds 1990, því landsmótið höldum við ekki einungis með þátttöku stjórnar UMSK og Mosfellsveitarmanna, heldur verður hver einn og einasti UMSK-félagi að vera reiðubúinn til að leggja á sig þá miklu vinnu sem landsmótshaldi fylgir, því "sameinaðir stöndum vér, en sundraðir föllum vér".

Ég tel að skýrsla stjórnar fyrir árið 1985 gefi skýra mynd af starfsemi UMSK, bæði innan stjórnar og utan.

Ég vil minnst Axels Jónssonar, alþingismanns og fyrrverandi formanns UMSK, sem lést á haustdögum 1985.

Axel var ein af kjölfestum okkar sambands, alltaf reiðubúinn til að aðstoða okkur yngri og veita holl ráð. Sat hann síðasta þing okkar, sem haldið var í Kópavogi, heimabæ Axels, og komu þá enn einu sinni í ljós hæfileikar Axels til að setta og miðla málum.

Að síðustu vil ég þakka meðstjórnendum mínum, svo og starfsmönnum UMSK ánægjulegt samstarf á síðastliðnu ári.

Í MINNINGU AXELS JÓNSSONAR.

Axel Jónsson fyrrv. alþingismaður lést 31. ágúst 1985, aðeins 63 ára að aldri. Axel starfaði mikið í félagsmálum, bæði stjórnámálum og einnig í ungmennahreyfingunni. Hann var félagsmaður í UMF. Dreng og þ.a.l. í UMSK. Hann gerðist formaður UMF. Drengs 1946 og var það til ársins 1949. Seinna varð hann svo formaður UMSK eða 1950 til 1956. Árin 1955 - 1957 sat hann í stjórn UMFÍ og þvínæst í stjórn ÍSÍ 1959 - 1964. Þegar hann flutti í Kópavoginn 1953 tók hann við starfi við Sundlaugarnar í Reykjavík. Hann sat 20 ár í bæjarstjórn Kópavogs, jafnframt því að vera á Alþingi.

Á síðasta ársþingi UMSK var hann sæmdur gullmerki UMFÍ fyrir mikil og fórnfús störf í þágu ungmennahreyfingarinnar.

UMSK þakkar Axeli fyrir mikil og vel unnin störf jafnframt því að senda eftirlifandi eiginkonu og fjölskyldu innilegar samúðarkveðjur.

SKÝRSLA STJÓRNAR U.M.S.K. 1985 - 1986.

1. 61. ársþing UMSK.
2. Starfsmannamál.
3. Stjórn og framkvæmdastjórn.
4. Skrifstofa UMSK.
5. Fréttabréf UMSK.
6. Skólahlaup UMSK.
7. Aðildarfélög UMSK.
8. Kennsluskýrslur.
9. Þing og fundir.
10. Haukurinn; útihátíð.
11. Landsmótsumsókn.
12. Skógrækt.
13. Danmerkurferð UMFÍ 1985.
14. Getraunir.
15. Sér ráðin.
16. UMSK-meistarar í karate 1985.
17. Héraðsmet UMSK í frjálsum íþróttum.

Skýrslan er unnin dagana 1.- 27. febrúar. Höfundar efnis eru Katrín Gunnarsdóttir, Einar Gunnarsson, Arnór Benónýsson og Páll Aðalsteinsson.

Skýrslan er vélrituð af Berglindi Burknaðóttur og ljósrituð á ljósrita UMSK. Forsíðuna og myndasíður prentaði Sigurður Friðfinnsson og UMFÍ lánaði myndir. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

61. ÁRSÞING UMSK

61. ársþing UMSK var haldið í Félagsheimili Kópavogs 10. febrúar 1985. Var það í umsjón UBK sem á þakkir skyldar fyrir hve vel var að þinghaldi staðið. Margt góðra gesta sóttu þingið m.a. Pálmi Gíslason formaður UMFÍ, Sveinn Björnsson forseti ÍSÍ, Axel Jónsson fyrrverandi formaður UMSK og Hermann Guðmundsson þáverandi framkvæmdastjóri ÍSÍ.

Níu félög með alls 29 fulltrúa sóttu þingið en alls áttu 18 félög með 76 fulltrúa rétt á þingsetu.

Þrátt fyrir mannfæð voru unnin mikil og góð störf á þinginu og líflegar umræður fóru fram í nefndum. Alls voru 14 tillögur samþykktar meðal annara um eflingu á sölu getraunaseðla, fjöl-skylduhátið og sú mikilvægasta, tillaga að fela stjórn UMSK að kanna möguleika á að halda landsmót á sambandssvæði UMSK árið 1990 og ítreka fyrri umsókn þar um til UMFÍ.

Ný stjórn var kosin og gaf Kristján Sveinbjörnsson ekki kost á sér til endurkjörs. Formaður var kosinn Katrín Gunnarsdóttir. Aðrir í stjórn: Vilhjálmur Einarsson, Kristinn Gylfi Jónsson, Ólína Sveinsdóttir og Elsa Jónsdóttir. Varamenn voru kjörnir: Páll Aðalsteinsson, Jón Tynes og Lárus Pétursson. Einnig voru kosnir endurskoðendur, og í eitt sæti í Héraðsdómstól UMSK. Millipinganefnd var skipuð til að vinna að endurskoðun á skipu-lagi og lögum UMSK svo og að gera tillögur að reglugerð / lögum um meðferð gullmerkis UMSK. Í nefndina voru kosnir Kristján Sveinbjörnsson, Páll Aðalsteinsson og Guðmundur Jónsson.

Að venju voru viðurkenningar veittar: Pálmi Gíslason veitti Axeli Jónssyni, fyrrum formanni UMSK, gullmerki UMFÍ. Afreksbikarinn hlaut hin frábæra frjálsíþróttakona Svanhildur Kristjónsdóttir. Jón Ingi Ragnarsson hlaut Félagsmálaskjöldinn fyrir störf sín í þágu UMSK og Knattspyrnudeildar Breiðabliks.

Eins og fram hefur komið lét Kristján Sveinbjörnsson af for-mennsku UMSK. Voru honum þökkuð mikil og góð störf í þágu sambandsins

Það er mikið áhyggjuefni hve fá félög sjá ástæðu til að senda fulltrúa sína á ársþing UMSK. Ársþingið fer með æðsta vald í málum UMSK og er það með öllu óskiljanlegt hvernig félögin hafa hundsáð að senda fulltrúa. Ég hef sagt það áður og segi enn að styrkur UMSK liggur hjá félögum innan vébanda UMSK og það verður aldrei það sterka og öfluga afl sem UMSK getur orðið ef forystumenn halda áfram að líta framhjá ársþingi UMSK.

STARFSMANNAMÁL

Sjaldan hafa starfsmannamál sambandsins verið eins fjölbreytt og á síðastliðnu ári. Þann 1. maí lét Baldur Daníelsson af störfum sem framkvæmdastjóri sambandsins vegna búferlaflutninga. Hafði hann gegnt starfinu frá 1. sept. 1984. Skulu honum færðar bestu þakkir fyrir störf sín og óskum við honum velfarnaðar í nýju starfi á nýjum stað.

Hinn 15. apríl hóf Arnór Benónýsson störf hjá sambandinu sem framkvæmdastjóri og gegndi hann því sem fullu starfi fram til 1. sept en sem hálfu starfi síðustu fjóra mánuði ársins.

Hinn 1. okt. réð sambandið Guðmund Sigurðsson sem frjálsípróttapjálfa sinn til 1. sept. 1986. Guðmundur hóf þegar störf og væntum við mikils af honum. Hér er um ákveðna nýbreytni að ræða hjá sambandinu sem gaman verður að sjá hvernig þróast.

Eins og sjá má hér að ofan hefur verið mikil hreyfing í starfsmannahaldi sambandsins og er það mjög þagalegt því með þessu hverfur öll festa og framvinda úr starfseminni.

Ofan á allt annað bætast svo glóðvolgar fréttir af starfsmannamálum. Arnór sagði starfi sínu lausu með þriggja mánuða fyrirvara í haust. Hann mun því láta af störfum 1. mars næstkomandi. Ákveðnar breytingar hafa verið gerðar á rekstri sambandsins í framhaldi af því.

Einar Gunnarsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri sambandsins frá og með 1. júníNæstkomandi en þá lýkur hann námi. Þarna var því um þriggja mánuða eyðu að ræða sem fylla þurfti. Var því gripið til þess ráðs að ráða skrifstofustúlku í hlutastarf. Gegnir Berglind Burknadóttir því starfi og eru það mikil og merk nýmæli í starfi UMSK. Jafnframt ver samið við Einar um að hann mundi gegna störfum framkvæmdastjóra í hjáverkum, fram á vorið. Það stefnir því allt í mikla aukningu á starfseminni, sérstaklega á síðari hluta ársins.

STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRN

Á 61. ársþingi sambandsins urðu fimm breytingar á stjórn sambandsins. Þeir Kristján Sveinbjörnsson, Sveinn Jóhannsson, Jóhannes Sveinbjörnsson og Eiríkur Davíðsson gengu úr stjórn og Kristinn Gylfi Jónsson gekk í stjórn úr varastjórn.

Stjórn og varastjórn UMSK 1985-1986 var skipuð sem hér segir.

Formaður,	Katrín Gunnarsdóttir	Umf. Stjórnunni
V.form.	Vilhjálmur Einarsson	Umf. Breiðablik
Ritari,	Kristinn G. Jónsson	Umf. Kjalnesinga
Gjaldkeri,	Ólína Sveinsdóttir	Umf. Breiðablik
Meðstjórn,	Elsa Jónsdóttir	Íþf. Gerplu
Til vara:	Páll Aðalsteinsson	Umf. Aftureldingu
	Jón Tynes	Íþf. Gróttu
	Lárus Pétursson	Umf. Dreng

Stjórnin hélt 12 formlega fundi á starfsárinu og tók fyrir skv. fundargerðarbók hátt í hundrað mál. Meðfylgjandi er skrá yfir fundi stjórnarinnar og mætingalisti

Framkvæmdastjórn var skipuð á fyrsta fundi stjórnar. Í henni voru Katrín Gunnarsdóttir, Vilhjálmur Einarsson og Kristinn Gylfi Jónsson ásamt framkvæmdastjóra.

Þar fyrir utan hafa verið haldnir nokkrir óformlegir fundir bæði hjá stjórn og framkvæmdastjórn.

FUNDIR

Nöfn	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	ALLS
Katrín	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	11
Vilhjálmur	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x		10
Kristinn	x	x		x	x	x	x	x	x	x		x	10
Ólína		x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	10
Elsa	x		x	x		x	x				x	x	7
Páll	x			x	x		x	x				x	6
Jón													0
Lárus		x		x									2

Ath. Forföll eru ekki skýrð.

Skrifstofa UMSK.

Skrifstofa sambandsins er sem fyrr til húsa að Mjölnisholti 14, 3. hæð. Nú er sambandið búið að hafa hálfu hæðina á leigu í um eitt og hálfu ár. Segja má að húsnæðismálin séu í nokkuð góðu horfi. Þó er erfitt að þurfa að bæta því á starfsmann UMSK að vera nokkurs konar húsvörður yfir sameign félaganna sem endurleigja húsnæði af UMSK.

Skrifstofan er hjarta sambandsins. Það hjarta sló hálfóreglulega síðasta starfsár vegna lítillar viðveru starfsmanns. Nú teljum við mál að breyta þessu og höfum ráðið stúlku, Berglindi Burknaðóttur, sem mun vera með fastan viðverutíma á skrifstofunni frá kl.9:00-12:00 mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga.

Einnig er á dagskrá að efla skrifstofuna enn frekar svo hægt verði að auka tengslin við félögin enn frekar. Fréttir af því munu væntanlega berast félögunum fljótlega.

FRÉTTABRÉF.

Lítið er hægt að segja um fréttabréfsútgáfuna. Hún var sambandinu til slíkrar skammar að fáheyrilegt er. Einungis eitt fréttabréf kom út árið 1985 og er þetta mál sem taka verður fyrir af hörku núna á nýju ári. Reyndar er fyrsta fréttabréfið á þessu ári búið að líta dagsins ljós og skulum við vona að það sé til marks um að betur verði staðið að málum á þessu ári en fyrr.

Nafnalisti yfir þá sem sent fá fréttabréfið er unninn upp úr Kennsluskýrslum. Því er mikilvægt að þær séu vel útfylltar með nöfnum og heimilisföngum allra stjórnarmanna. Þeir sem fá síðan ekki sent fréttabréf samkvæmt þessum lista geta haft samband við skrifstofuna og látið bæta nafni sínu á listann ef þeir hafa áhuga.

SKÓLAHLAUP UMSK.

Skólahlaupið var haldið í fjórða sinn í október við Digranesskóla í Kópavogi og enn sem fyrr í samvinnu við Mjólkursamsölina og Freyju h/f. UMSK þakkar samstarfið við íþróttakennara og frjálsíþróttadeild UBK svo og hlaupstjóranum Kristjáni Sveinbirnsyni, fyrrverandi formanni sambandsins.

Standa þarf betur að skólahlaupinu í framtíðinni af hálfu UMSK. Við þurfum að efla þennan þátt. Óviða höfum við betra tækifæri til að kynna íþróttæsku héraðsins UMSK.

Helst úrslit urðu sem hér segir:

7-8 ára drengir.

1.	Eyþór Sverrisson	406	Snælandsskóla
2.	Eiríkur Gestsson	75	Mýrarhúsaskóla
3.	Jóhann Carlo Sigurðsson	1	Varmárskóla

7-8 ára stúlkur.

1.	Sara B. Guðbrandsdóttir	424	Snælandsskóla
2.	Guðrún Bachmann	203	Flataskóla
3.	Jóhanna Skúladóttir	79	Mýrarhúsaskóla

7-8 ára.

1.	Snælandsskóli	747	stig
2.	Hjallaskóli	649	"
3.	Mýrarhúsaskóli	608	"
4.	Digranesskóli	579	"
5.	Hofsstaðaskóli	568	"

6.	Varmárskóli	453	"
7.	Kópavogsskóli	425	"
8.	Kársnesskóli	328	"
9.	Flataskóli	318	"

9-10 ára drengir.

1.	Aron Haraldsson	277	Hjallaskóla
2.	Heimir J. Þorfinnsson	87	Mýrarhúsaskóla
3.	Gunnar Ólafsson	278	Hjallaskóla

9-10 ára stúlkur.

1.	Íris A. Steingrímsdóttir	440	Snælandsskóla
2.	Rósa Brynjólfsdóttir	287	Hjallaskóla
3.	Heiða B. Bjarnadóttir	26	Varmárskóla

9-10 ára.

1.	Snælandsskóli	789	stig
2.	Hjallaskóli	746	"
3.	Varmárskóli	741	"
4.	Flataskóli	721	"
5.	Digranesskóli	600	"
6.	Kársnesskóli	528	"
7.	Mýrarhúsaskóli	524	"
8.	Kópavogsskóli	458	"

11-12 ára drengir.

1.	Sigurður Ómarsson	98	Mýrarhúsaskóla
2.	Ýmir Arthursson	384	Kópavogsskóla
3.	Hallmundur Albertsson	468	Snælandsskóla

11-12 ára stúlkur.

1.	Anna Þórsdóttir	536	Digranesskóla
2.	G. Margrét Vilhjálmsdóttir	47	Varmárskóla
3.	Ingibjörg Sigurjónsdóttir	539	Digranesskóla

11-12 ára.

1.	Varmárskóli	671	stig
2.	Digranesskóli	651	"
3.-4.	Mýrarhúsaskóli	634	"
3.-4.	Snælandsskóli	634	"
5.	Flataskóli	340	"
6.	Kópavogsskóli	320	"
7.	Garðaskóli	300	"
8.	Hjallaskóli	225	"
9.	Kársnesskóli	161	"

13-15 ára drengir.

1.	Valdemar Kristófersson	150	Garðaskóla
2.	Árni Kvaran	151	"
3.	Magnús Ingi Eggertsson	155	"

13-15 ára stúlkur.

1.	Þórunn M. Gunnarsdóttir	117	Valhúsaskóla
2.	Gerður Rún Guðlaugsdóttir	116	"
3.	Fríða Rún Þórðardóttir	62	Gagnfræðaskóla Mosfellssv.

13-15 ára.

1.	Garðaskóli	554	stig
2.	Gagnfræðaskóli Mosfellssv.	539	"
3.	Valhúsaskóli	513	"
4.	Digranesskóli	397	"
5.	Kópavogsskóli	313	"
6.	Snælandsskóli	195	"
7.	Þinghólsskóli	175	"

ADIDARFÉLÖG UMSK.

1. Ungmennafélagið Afturelding, Mosfellssveit. 1909
Fjöldi félaga: 817, formaður: Þorgrímur Októson.
2. Ungmennafélagið Drengur, Kjósarhrepp. 1915
Fjöldi félaga: 124, formaður: Lárus Pétursson.
3. Ungmennafélag Kjalnesinga. 1938
Fjöldi félaga: 95, formaður: Kristinn Gylfi Jónsson.
4. Ungmennafélag Bessastaðahrepps. 1945
Fjöldi félaga: 476, formaður Berglind Guðmundsdóttir.
5. Ungmennafélagið Breiðablik, Kópavogi. 1950
Fjöldi félaga: 1891, formaður: Þorgerður Aðalsteinsdóttir.
6. Ungmennafélagið Stjarnan, Garðabæ. 1960
Fjöldi félaga 695, formaður: Katrín Gunnarsdóttir.
7. Íþróttafélagið Grótta, Seltjarnarnesi. 1967
Fjöldi félaga: 252, formaður: Gunnar Lúðvíksson.
8. Handknattleiksfélag Kópavogs. 1970
Fjöldi félaga: 409, formaður: Þorsteinn Einarsson.
9. Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi. 1971
Fjöldi félaga: 964, formaður: Elsa Jónsdóttir.
10. Siglingafélagið Ýmir, Kópavogi. 1971
Fjöldi félaga: 108, formaður: Þorgeir Björnsson.
11. Siglingaklúbburinn Vogur, Garðabæ. 1975
Fjöldi félaga: 199, formaður: Stefán Friðfinnsson.
12. Íþróttafélag Kópavogs. 1976
Fjöldi félaga: 322, formaður: Magnús Harðarson.
13. Golfklúbburinn Kjölur, Mosfellssveit. 1981
Fjöldi félaga: 68, formaður: Örn Höskuldsson.

14. Knattspyrnufélagið Augnablik Kópavogi. 1981
Fjöldi félaga: 57, formaður: Vilmar Pétursson
15. Siglingafélagið Sigurfari, Seltjarnarnesi. 1981
Fjöldi félaga: 160, formaður: Hjörtur Hjartarson
16. Íþróttafélagið Gáski, Mosfellsveit. 1982
Fjöldi félaga: 89, formaður: Snorri Magnússon
17. Íþróttafélagið Hlynur, Kópavogi. 1983
Fjöldi félaga: 60, formaður: Kristján Sigurmundsson
18. Íþróttafélagið Tjaldur, Mosfellssveit. 1984
Fjöldi félaga: ?, formaður: Jóhanna Guðjónsdóttir

KENNSLUSKÝRSLUR

Erfiðlega gekk að innheimta kennsluskýrslur eins og oft áður. Félögin verða að skilja að kennsluskýrslur eru nauðsynlegar, þær koma upplýsingum á framfæri um hverjir séu í stjórnnum félaganna og verða því þau félög sem ætla sér áframhaldandi veru í ÍSÍ og UMFÍ að standa skil á þeim. Af 18 félögum í UMSK vantaði allveg skýrslur frá 5 og að hluta til frá 2 að auki. Þessu þurfum við að kippa í lag á næsta starfsári. Einnig þurfum við að passa betur upp á hvernig þær eru útfylltar því það getur skipt verulegu máli varðandi upphæð kennslu- og útbreiðslustyrks. Á skrifstofunni verða veittar allar upplýsingar varðandi útfyllingu á næstu kennsluskýrslum.

ÞING OG FUNDIR

Eins og jafnan áður var talsvert um þing og fundi hjá stjórnarmönnum, hæst ber þar þing UMFÍ sem haldið var að Flúðum, Hrunamannahreppi, dagana 6. til 8. september 1985. Þar mættu allir stjórnarmenn og var þingið fjölmennt og starfssamt. Þá sat formaður sambandsstjórnarfund ÍSÍ og fulltrúar frá UMSK sátu flest sérsambandsþing ÍSÍ. Framkvæmdastjóri fór á framkvæmdastjóranámskeið UMFÍ að Núpi, Dýrafirði, 7. til 9. júní. Einnig sat framkvæmdastjóri sem fyrr fundi SÍK (Samstarfsnefnd íþróttafélaganna í Kópavogi) sem starfsmaður og fundarritari.

Boðaður var formannafundur 23. maí vegna fyrirhugaðrar útihátiðar. Aðeins tveir formenn mættu utan þeirra formanna er sæti eiga í stjórn UMSK. Eins og sjá má á skýrslu ársins 1984 var einnig slæm mæting á formannafund sem reynt var að halda þá. Þetta er atriði sem verður að laga því formannafundir eru besti vettvangur skoðannaskipta og áhrifa félaganna á starf og stefnu sambandsins og samkvæmt lögum þess skal halda þá ársfjórðungslega.

HAUKURINN

ÚTIHÁTÍÐ SEM EKKI VARÐ HALDIN.

Á 61. ársþingi UMSK var samþykkt svohljóðandi tillaga:

„61. ársþing UMSK felur stjórn sambandsins að athuga með og stefna að útisamkomu í Þjórsárdal í sumar.“

Í samræmi við þessa samþykkt var þegar farið af stað með undirbúning og stefnt að því að halda samkomu í Þjórsárdal um Jónsmessuna. Þegar undirbúningur var vel á veg kominn barst okkur svo-neikvætt svar frá sýslumanni Árnassýslu við umsókn okkar um samkomuleyfi. Birtum við hér aftast í skýrslunni afrit af bréfi hans ásamt bréfi því sem hann vísar í. Leyfum við síðan mönnum að draga sínar ályktanir um hvað eða hverjir hafi ráðið.

LANDSMÓTSUMSÓKN.

Á 61. ársþingi U.M.S.K. var samþykkt svohljóðandi tillaga: 61. ársþing U.M.S.K. haldið í Félagsheimili Kópavogs þann 10. feb. 1985 samþykkir að fela stjórn U.M.S.K. að kanna möguleika á að halda landsmót á sambandssvæði U.M.S.K. árið 1990 og ítreki við stjórn UMFÍ fyrri umsókn.

Í samræmi við þessa samþykkt var framkvæmdastjóra falið að taka upp viðræður við Hreppsnefnd Mosfellshrepps um það hvort áhugi væri fyrir hendi hjá henni að halda landsmót UMFÍ 1990. Það er skemmst frá að segja að viðræður hófust í vor og leiddu fljótlega til þess að framkvæmdastjórn U.M.S.K. og sveitarstjóra Mosfellshrepps var falið að taka saman greinargerð um mótstaðstöðu sem fyrir hendi er í Mosfellssveit og hverjar væru fyrirhugaðar framkvæmdir. Þessi skýrsla var síðan endanlega tilbúin í ágúst og þá gerði Hreppsnefnd Mosfellshrepps svohljóðandi samþykkt: Hreppsnefnd Mosfellshrepps samþykkir samhljóða að sækja eftir því að landsmót UMFÍ 1990 verði haldið í Mosfellssveit og bendir þá á að þá verða liðin 50 ár frá því að U.M.S.K. sigraði á slíku móti 1940.

Þann 05.09.'85 var síðan send umsókn um landsmót UMFÍ 1990 til stjórnar UMFÍ ásamt þessari greinargerð og samþykkt hreppsnefndar Mosfellshrepps.

STUTT LÝSING Á ÍPRÓTTAADSÖDU O.FL. MEÐ
TILLITI TIL LANDSMÓTS U.M.F.Í. 1990.

I. ÍPRÓTTAADSTAÐA.

1. Ípróttahús.

Ípróttahúsið að Varmá í Mosfellssveit var tekið í notkun 1977. Salur hússins er í fullri stærð til

keppnisíþróttta (20 x 40 m.), og hæð undir lágsta punkt í lofti er 8 metrar. Húsið er iðulega notað til kappleikja. Fram til þessa hefur verið notuð búningaástaða í sundlaug. Nú eru í gangi framkvæmdir við byggingu búningasklefa hússins, og er áformað að taka þá í notkun á árinu 1986. Að þeim framkvæmdum loknum er gert ráð fyrir að hafist verði handa við byggingu tengiálmú milli sundlaugar og íþróttahúss, þar sem m.a. verður veitingaástaða o.fl. Meðfylgjandi uppdráttur að húsinu sýnir vel hvaða aðstöðu það hefur upp á að bjóða.

2. Sundlaug.

Varmárlaug var byggð 1960 og hefur því þjónað byggðarlaginu í 25 ár. laugin er opin (útilaug) 9x25m., og því fullgild keppnislaug þar sem unnt er að keppa á 4 brautum samtímis. Búnings- og bað-ástaða er góð, og auk þess er í sundlaugarhúsinu gufubað og heitur pottur er við laugina.

3. Íþróttavellir.

A íþróttasvæðinu við Varmá er malarvöllur í fullri stærð. Völlur þessi er notaður til æfinga og kappleikja. Búningsástaða fyrir þá sem nota þennan völl er sameiginleg með íþróttahúsi. Fyrirhugað er að hækka þennan völl á næstu árum og leggja í hann drenlagnir, en þrátt fyrir að slíkt sé ekki til staðar nú, er völlurinn í góðu ásigkomulagi.

Grasvöllur er til staðar á Tungubökkum við Leirvogsa. Völlurinn er vel gerður af náttúrunnar hendi, og landrými það gott að möguleiki er á 3 völlum samhliða. S.l. 2 sumur hafa verið með eindæmum vatnsöm, og kom þá berlega í ljós hversu góður völlurinn er, en unnt var að nota hann nánast alla daga, þrátt fyrir mikla úrkomu. Búnings- og baðástaða er ekki fyrir hendi nú á Tungubökkum, hins vegar er kominn þar vísir að búningaástöðu.

Við Varmárskóla eru 3 handknattleiksvellir með malbikuðu yfirborði.

4. Hestaípróttir.

Á vegum Hestamannafélagsins Harðar er nú að ljúka framkvæmdum við skeiðvöll sem staðsettur er hjá hesthúsaiverfinu við Varmá. Þar er bein braut fyrir stökkkeppni, auk hringbrauta til keppni og sýninga.

5. Golfvöllur.

Á undanförnum tveimur árum hefur Golfklúbburinn Kjölur unnið að gerð 9 holu golfvallar á um 20 ha. landsvæði vestan við þéttbýli Mosfellshrepps niður af Hamrafelli og Skálátúni. Völlur þessi verður tekinn í notkun á þessu ári, ásamt golfskála sem nú er unnið við.

6. Flugbraut.

Á Tungubökkum, í næsta nágrenni við grasvöllinn er 600 metra flugbraut sem er í umsjón Flugklúbbs Mosfellshrepps. Við völlinn er flugskýli, og er notkun vallarins mikil þann tíma ársins sem einkaflug er almennt stundað.

7. Annað.

Auk framangreindra þátta er til staðar aðstaða fyrir starfsípróttir. Má þar fyrst nefna þá aðstöðu sem er í skólahúsnæði sveitarinnar. Í Varmárskóla er góður samkomusalur sem nýta má til fjölmennari keppnisgreina. Skólaeldhús er til staðar í Gagnfræðaskólanum auk þess sem unnt er að nýta eldhús Hlégarðs ef á þarf að halda.

II. ALMENN AÐSTAÐA:

Auk þeirra möguleika sem taldir eru hér að framan til ípróttaiðkana og keppni hvers konar er eftirfarandi almenn aðstaða til staðar nú:

2.1. Gisting.

Unnt er að taka á móti allnokkrum fjölda fólks í gist-

ingu í kennslustofum Varmárskóla og Gagnfræðaskólans. Ennfremur er unnt að koma upp tjaldbúðum bæði við íþróttasvæðið við Varmá og eins á Tungubökkum. Þá má geta þess hér að í tengslum við uppbyggingu miðbæjar í Mosfellssveit er töluvert rætt um byggingu gístaðstöðu, og allt eins líklegt að slíkt húsnæði verði að einhverju leyti til staðar að 4-5 árum liðnum.

2.2. Mötuneyti og samkomur.

Félagsheimilið Hlégarður býður upp á fullkomna aðstöðu til matargerðar og borðhalds. Unnt er að taka við 150-200 manns samtímis í mat í húsinu. Til stærri veisluhalda er hægt að nota sal íþróttahússins að Varmá, en þar má auðveldlega koma fyrir nokkrum hundruðum manna til borðs samtímis.

2.3. Verslanir, samgöngur o.fl.

Öll almenn verslunarþjónusta er í Mosfellssveit, s.s. matvöruverslanir, seldisverslanir, bensínsölur. Einn matsölustaður er rekinn í dag og verða væntanlega fleiri innan tíðar. Búnaðarbanki og Verslunarbanki annast alla almenna bankþjónustu. Hjólbarðaverkstæði og bílaverkstæði eru til staðar. Póst- og símaafgreiðsla er miðsvæðis. Almennings-samgöngur við Reykjavík eru í höndum Mosfellsleiðar h.f., en auk þess fyrirtækis eru a.m.k. tveir aðilar aðrir innansveitar með rekstur hópferðabíla. Heilsugæslustöð er staðsett á Reykjalundi og hefur öflugan stuðning af þeirri aðstöðu sem er á vistheimilinu þar. Sjúkraflutninga annast Slökkvilið Reykjavíkur samkvæmt samningi þar um.

III. ÁFRAMHALDANDI UPPBYGGING.

Svo sem kemur fram í yfirliti hér að framan er uppbygging íþróttahúss nú á lokastigi. Að þeim framkvæmdum loknum er næsta verkefni í uppbyggingu íþróttamannvirkja að fullgera íþróttavelli og keppnisaðstöðu að Varmá samkvæmt fyrirliggjandi skipulagi. Jafnframt mun verða gengið frá lóðum umhverfis skóla, íþróttahús og sundlaug, en skipulag liggur fyrir, auk þess sem nýlega voru

gerðir samningar við Menntamálaráðuneytið um þátttöku ríkissjóðs í þeim framkvæmdum. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár, þ.e. 1986 mun verða gengið frá ákvörðunum um áfangaskiptingu þessara framkvæmda, en vilji Hreppsnefndar er sá að þeim verði að fullu lokið fyrir 1990.

Þegar umsókn okkar barst UMFÍ lá þar fyrir önnur umsókn um landsmót 1990 frá UÍA. En á síðasta stjórnarfundum UMFÍ drógu austfirðingar umsókn sína til baka. Málin standa því þannig að okkar umsókn er sú eina sem liggur fyrir. Þrátt fyrir það skiptir miklu máli að UMSK félagar séu samhuga og stórhuga í þessu máli. Stjórn UMFÍ mun trúlega afgreiða þetta mál á vorfundum sínum og þar mun miklu skipta hvernig þetta þing tekur á málinu og sá andi sem þar ríkir.

Öll aðstaða á að vera fyrir hendi til að halda glæsilegasta íþróttamót sem haldið hefur verið hér á landi hingað til og standi UMSK félagsslega sterkt og sameinað að baki þessarri framkvæmd mun hún verða sambandinu mikil lyftistöng.

SKÓGRÆKT

Á sambandsþingi UMFÍ 1985 var samþykkt að gera stóráttak í skógrækt og planta út jafnmörgum plöntum og félagar innan UMFÍ eru margir. Samarið 1985 var UMSK úthlutað af UMFÍ 4.600 trjáplöntum, 3.300 staffuru-, 1.000 lerki- og 300 greniplöntum.

Eftirtaldir aðilar plöntuðu trjáplöntum í Þrastaskóg vorid og sumarið 1985: Nemendur Hjallaskóla, Kópavogi, undir stjórn Stellu Guðmundsdóttur plöntuðu 600 trjáplöntum. Félagar úr íþróttafélaginu Gerplu plöntuðu 2.000 trjáplöntum og ýmsir félagar úr UMSK 700 stk. Ungmennafélagar úr Kjós og af Kjalarnesi gróðursettu 500 furuplöntur að Fossá í Hvalfirði og Aftur-elding sá um gróðursetningu 800 furu- og lerkiplantna í Mosfell-sveit. Mikil ánægja var með þessa gróðursetningu og verður vonandi framhald á þessu starfi.

DANMERKURFERÐ UMFÍ 1985.

UMSK átti sex keppendur í úrvalsliði UMFÍ, er fór og atti kappi við danska kollega. UMSK-fólkið var: Svanhildur Kristjónsdóttir, Sigurjón Valmundsson, Inga Úlfisdóttir, Einar Gunnarsson, Hannes Hrafnkelsson, og síðast en ekki síst þjálfari UMSK og jafnframt liðsstjóri UMFÍ-liðsins í ferðinni, Guðmundur Sigurðsson.

Farið var í lok júní til Odense á Fjóni. Þar tók liðið þátt í frjálsíþróttakeppni danska landsmótsins. Danska landsmótið er óhemju mikil og vönduð íþróttahátíð, en þar hafa frjálsar íþróttir því miður algerlega orðið undir í samkeppninni við fimleikana. Yfir frjálsíþróttakeppninni ríkti hálfgerður lágkúrublær, og keppt á gömlum malarvelli í stað þess að nota hinn frábæra völl sem stendur við háskólann þeirra. Íslensku krakkarnir létu þó ekki lélega aðstöðu og jafnvel enn lélegri andstæðinga, draga úr sér móðinn, heldur börðu á Dönum af mestu grimmd og uppskáru eftir því, röðuðu sér í efstu sætin í flestum þeim greinum er þeir tóku þátt í. Hápunktur þessarar ferðar var stóra boðhlaupið, 10x200m. Í það sendum við okkar sterkasta lið, og var óopinbert takmark þess að hringa Danina. Ekki tókst það nú, en ansi var gaman að horfa á hlaupið, þegar forskotið var orðið um 300 metrar.

Á þriðjudagskvöld hélt OAG svo mótfyrir okkur á háskólavellinum. Þar fengum við aðstæður af betra taginu og þokkalega andstæðinga í flestum greinum. Margir náðu þarna ágætisárangri, þrátt fyrir nokkra þreytu, er komin var í mannskapinn. Þar bar hæst Íslandsmet Svanhildar í 200m hlaupi kvenna á 24,3 sek, en þar náði hún jafnframt lágmarksárangri fyrir Evrópumeistaramót unglunga.

Daginn eftir hélt hópurinn heim á leið, vikulangri dvöl í Danmörku var lokið. Eftir sitja minningarnar

UR DANMERKURFERÐ U.M.F.Í. 1985



um sérlega ánægjulega ferð. Fararstjórar eiga heiður skilinn, þeir voru til fyrirmyndar. UMSK færir fararstjórum, ferðafélögum og UMFÍ þakkir fyrir velheppnaða og skemmtilega ferð.

GETRAUNIR 1984 - 1985.

Á liönu ári seldust alls 17.345.902 raðir. Sala á sambands-
svæði UMSK var 1.524.980 raðir eða 8.79% af heildarsölnunni.
Söululaun aðildarfélaganna voru alls kr. 953.112,50 og hlutur
sambandsins (3%) var kr. 114.373,50.

Yfirlit yfir sölu aðildarféлага UMSK 1984 -1985.

Félag	Seldar raðir	Söululaun	Söululaun '83- '84	Hækkun m. ára.
Breiðablik	677.280	417.050	377.002,50	+10,62%
Stjarnan	307.360	192.100	137.078.75	+40,14%
ÍK	224.492	140.307.50	107.736.25	+30,23%
Aftureld.	195.514	122.133.75	131.885	-7.39%
Grótta	113.454	70.908.75	12.137.50	+484,21%
Hlynur	11.800	7.375	10.833,75	-31,93%
HK	5.180	3.237.50	60.761.25	-94,67%
KAKÓ			28.198.75	
UMF.Kjalarness			16.171.25	

Í þessari töflu sést að tvö félaganna sem seldu '83-'84 voru ekki með á síðasta ári.

Það væri að bera í bakkafullan lækinn að segja félögum enn og einu sinni að sinna þessari tekjuöflun. Öll félög vita að hún er til staðar og þeirra að nýta sér hana. Starfsfólk UMSK og stjórnarmenn eru eins og ætíð, tilbúnir til að aðstoða félög við skipulagningu á sölu getraunaseðla; s.s. við auglýsingaherferðir og slíkt. Hvet ég aðildarfélag til að hafa samband við skrifstofuna sem fyrst.

SÉRRÁÐIN

Í hverri skýrslu hefur yfirleitt farið stór hluti undir skýrslur sérráðana. Nú bregður hins vegar svo við að lítið sem ekkert er um þau fjallað. Það kemur því miður ekki til af góðu. Ástæðan er einfaldlega sú að sérráð hafa verið því sem næst óstarfhæf síðasta ár. Algert skipulagsleysi hefur einkennt þau öll nema einna helst Karateráð. Það er ljóst að hér hefur mikill skaði orðið en starfsfólk skrifstofunnar taldi brýnna að stefna fram á veginn heldur en að eyða ómældum tíma í að eltast við að vinna upp skýrslur fyrir sérráðin.

Þrátt fyfir allt skipulagsleysið fór þó meginþorri mótana er fyrirhuguð voru fram. Megin hlutverk sérráðanna er að skipuleggja mótahald á vegum UMSK í viðkomandi íþróttagrein og að koma fram sem málsvari viðkomandi íþróttagreinar gagnvart sér-samböndum ÍSÍ, ÍSÍ og UMFÍ. Þau ættu að vera sá samstarfsvettvangur fyrir félögin á sambandssvæðinu sem gæti gert þeim kleyft að standa uppi í hárinu á hinum rótgrónu og fjársterku Reykjavíkurfélögum. Mótin fóru fram, þ.e. sum þeirra, úrslitin eru flest týnd og tröllum gefin og annað þarf ekki að minnast á.

Við skulum ekki eyða tíma okkar í að síta það er betur hefði mátt fara. Stefnum heldur fram á veg og höfum þessa hluti í góðu lagi á næsta ársþingi.

UMSK-Meistarar í Karate '85.

UMSK-mót í karate var haldið 27.nóvember 1985 í Ásgarði Garðabæ. Þátttakendur voru að venju frá þremur félögum, Gerplu, Stjörnunni og Breiðablik. Keppendur voru um 30, en hvert félag sendir aðeins sína bestu menn, þannig að þátttakan gefur ekki rétta mynd af fjölda karateiðkanda í þessum félögum.

UMSK-mót í karate hafa farið fram frá árinu 1982, og er þetta því fjórða mótið. Mótin hafa orðið mun jafnari eftir því sem árin líða, því félögin hafa á að skipa sífellt jafnara og hæfari keppnisfólki á að skipa.

UMSK-meistarar urðu.;

Kata unglinga.;

Kristjana Sigurðardóttir, Gerplu.

Kata kvenna.;

Kristín Einarsdóttir, Gerplu.

Kata karla.;

Stefán Alfreðsson, Stjörnunni.

Kumite karla.;

Ævar Þorsteinsson, Breiðablik.

Sveitakeppni í Kumite.;

Sveit Breiðabliks.;

Ævar Þorsteinsson,
Einar Karl Karlsson og
Gísli Pálsson.

UMSK-Meistari félaga.;

Stjarnan.....	16.stig	(kata 8, kumite 8)
Gerpla.....	13.stig	(kata 9, kumite 4)
Breiðablik.....	13.stig	(kata 1, kumite 12)

Það varð því Stjarnan sem sigraði í sveitakeppninni enn einu sinni. Það varð þó ekki baráttulaust, því eins og sést á stigunum varð mikil barátta og öll félögin mjög jöfn, hvert stig gat ráðið úrslitum og gerði það reyndar. Stjarnan átti jafnasta keppnisliðið, en Gerpla sigraði kataflokkana og Breiðablik vann kumiteflokkana með Ævar Þorsteinsson í fararbroddi. Þess má geta að lokum að Ævar Þorsteinsson er einn besti karatemaður á landinu um þessar mundir og hefur ekki tapað glímu héraendis í meira en tvö ár. Á héraðssvæði UMSK er karate mjög öflugt og má segja að karate sé hvað sterkast á landinu á því svæði.

Með karatekveðju,
Karl Gauti Hjaltason, Gerplu.

Héraðsmetaskrá UMSK í frjálsum íþróttum.
KONUK

1. janúar 1986.

Hlaup:				
60 m.	7.7 sek.	Svanhildur Kristjónsdóttir	UBK	84
80 m.	10.1 -	Svanhildur Kristjónsdóttir	UBK	84
100 m.	11,79 -	Svanhildur Kristjónsdóttir	UBK	85
ÍSLANDSMET.				
200 m.	24,30 -	Svanhildur Kristjónsdóttir	UBK	85
ÍSLANDSMET.				
300 m.	41.2 -	Svanhildur Kristjónsdóttir	UBK	84
400 m.	55.5 -	Svanhildur Kristjónsdóttir	UBK	85
800 m.	2:06.22 mín.	Hrönn Guðmundsdóttir	UBK	82
1000 m.	3:01.2 -	Ragnhildur Pálsdóttir	Stj.	73
1500 m.	4:38.2 -	Ragnhildur Pálsdóttir	Stj.	75
3000 m.	10:21.8 -	Ragnhildur Pálsdóttir	Stj.	75
Grindahlaup:				
100 m.	15.7 sek.	Kristín Björnsdóttir	UBK	71
300 -	47.8 -	Berglind Erlendsdóttir	UBK	84
400 -	67.33 - r.	Berglind Erlendsdóttir	UBK	84
Kúluvarp	11.17 m.	Gunnþórunn Geirsdóttir	UBK	71
Kringlukast	35.10 -	Iris Jónsdóttir	UBK	82
Spjökast	39.60 -	Arnáís Björnsdóttir	UBK	72
Langstökk	5.67 -	Svanhildur Kristjónsdóttir	UBK	85
Hástökk	1.75 -	Iris Jónsdóttir	UBK	78
Fimmtarbraut	3291 stig	Kristín Björnsdóttir	UBK	72
	(18.0 - 5.16 m - 9.59 m - 1.50 m - 26.6 sek.)			
Sjöbraut	3902 stig	Svanhildur Kristjónsdóttir	UBK	84
	(18.2 - 1.45 - 7.15 - 26.0 - 5.03 - 16.96 - 26.6)			
Boðhlaup:				
4 x 100 m.	49.3 sek.	Sveit UMSK (UBK)		85
	(Inga Ólfsdóttir, Guðrún Arnardóttir, Berglind Erlendsdóttir, Svanhildur Kristjónsdóttir)			
4 x 200 m.	1:54.1 mín	Sveit UMSK (UBK)		78
	(Helga Árnadóttir, Hrönn Guðmunds., Guðrún Karls., Linda Bentsdóttir)			
4 x 400 m.	4:12.1 mín	Sveit UMSK (UBK)		72
	(Kristín Björnsdóttir, Ragnhildur Páls., Þjórg Kristjáns., Hafdís Ingi-marsd.)			
1000 m. boðhlaup:				
	2:20.8 mín	Sveit UMSK (UBK)		85
	(Inga Ólfsd., Guðrún Arnard., Svanhildur Kristjónsd., Berglind Erlends)			

Héraðsmet UMSK í frjálsum íþróttum.

KARLAR

1. janúar 1986.

100 m.	11.0	sek.	Erlingur Jóhannsson	UBK	84
	11.31	-	Erlingur Jóhannsson	UBK	84
200 m.	22.18	-	Erlingur Jóhannsson	UBK	85
300 m.	35.6	-	Erlingur Jóhannsson	UBK	84
400 m.	48.42	-	Erlingur Jóhannsson	UBK	85
800 m.	1:53.6	mín.	Erlingur Jóhannsson	UBK	85
1000 m.	2:34.4	-	Hannes Hrafnkelsson	UBK	85
1500 m.	4:02.1	-	Hannes Hrafnkelsson	UBK	85
2000 m.	5:53.6	-	Þórður Guðmundsson	UBK	65
3000 m.	8:58.6	-	Guðmundur Sigurðsson	UBK	85
5000 m.	15:29.0	-	Hannes Hrafnkelsson	UBK	85
10000 m.	33:36.34	-	Gunnar Snorrason	UBK	81
1 míla	4:24.0	-	Þórður Guðmundsson	UBK	65
2 mílur	10:02.6	-	Erlingur Þorsteinsson	Stjarnan	74
Grindahlaup:					
110 m.	15.5	sek.	Hafsteinn Jóhannesson	UBK	78
200 m.	27.4	-	Trausti Sveinbjörnsson	UBK	70
400 m.	55.5	-	Trausti Sveinbjörnsson	UBK	69
Hindrunarhlaup:					
3000 m.	9:36.6	mín.	Gunnar Snorrason	UBK	71
Hlaup:					
10 km.	1:11:56.4	kl.st.	Gunnar Snorrason	UBK	71
25 km.	1:35:43.2	-	Gunnar Snorrason	UBK	71
Klukkustundarhlaup:	16.000 m.		Einar Sigurðsson	UBK	82
1/2 maraþon:	1:34:01.0	kl.st.	Reynir Óskarsson	UBK	84
maraþonhlaup:	2:49:44.0	-	Bragi Þ. Sigurðsson	UBK	83
Langstökk	7.12	m.	Kristján Harðarson	UBK	81
Þristökk	15.16	-	Karl Stefánsson	UBK	71
Hástökk	2.01	-	Karl West Frederiksen	UBK	74
Stangarstökk	4.26	-	Guðmundur Jóhannesson	UBK	74
Kúluvarp	14.06	-	Lárus Lárusson	UBK	66
Kringlukast	50.60	-	Þorsteinn Alfreðsson	UBK	70
Spjót kast	65.02	-	Hreinn Jónasson	UBK	82
Sleggjukast	45.40	-	Gunnar Alfreðsson	UBK	69
Fimmtarþraut	3030 stig		Tómas Lárusson	UBK	52
	(6.69 m. - 39.50m. - 23.4 sek. - 34.97 m. - 4:42.0 mín.)				
Tugþraut	6739 stig		Karl West Frederiksen	UBK	74
	(11.3-6.80-11.51-1.98-53.7-16.5-32.70-4.20-46.22-4:47.9 mín.)				
Boðhlaup:					
4 x 100 m.	44.2	sek.	Sveit UMSK (UBK)		85
	(Erlingur Jóhannsson, Einar Gunnarsson, Guðmundur Sigurðs., Sigurjón Valmundsson)				
1000 m boðhlaup	2:03.6	mín	Sveit UMSK (UBK)		85
	(Erlingur Jóh., Einar Gunnarss., Guðmundur Sigurðs. Sigurjón Valmundss.)				
4 x 400 m	3:40.7	mín.	Sveit UMSK (UBK)		85
	(Ólafur A., Einar G., Sigurjón V., Guðm.S.)				
4 x 800 m	8:25.4	mín.	Sveit UMSK (UBK)		85
	(Böðvar S., Hannes H., Ari, Guðm.S.)				

LÖG UMSK

1. gr.

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnesþings, skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er Kjósarsýsla, Kópavogsskaupstaður, Seltjarnarneskaupstaður og Garðabær.

2. gr.

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

3. gr.

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til stjórnar þess ásamt lögum félagsins og skrá yfir stofnfélaga. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt að veita félaginu inngöngu.

4. gr.

Sambandið skal árlega halda héraðshing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðshing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst 14 daga fyrirvara. Stjórn sambandsins getur kvatt til aukabings, ef nauðsyn krefur.

5. gr.

Héraðshing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðshingi að úrskurða þær.

Héraðshing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. febrúar ár hvert.

6. gr.

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og vara á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðshingi, einn fyrir hverja 5 tugi eða brot úr tug, gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 8 frá sama félagi. Auk þess skal formaður vera sjálfkjörinn aðalfulltrúi á sambandsþing. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðshing er lögmat, ef 2/3 kjörnir fulltrúar eru mættir á héraðshinginu.

7. gr.

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sér en aðrir stjórnarmenn í einu lagi, þá skal kjósa þrjá menn í vara-
stjórn og ennfremur tvo endurskoðendur og tvo til vara. Heim-
ilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við
sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess
þörf.

Skylt er stjórninni að halda minnst ársfjórðungslega fundi með
formönnum aðildarfélaga UMSK.

8. gr.

Stjórnin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með
starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar
eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðs-
þingi. Stjórnin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sam-
bandsins.

9. gr.

Innan sambandsins starfar héraðsdómtóll, í honum eru 3 menn og
3 til vara, kosnir til tveggja ára. Árlega gengur einn maður
úr dómnum og kys ársþingið einn í hans stað. Í fyrsta sinn
verði beir allir kosnir í einu, aðal- og varamenn en jafnan
gæta að kjósa í héraðsdómstól þá menn er hafa fjölhæfa þekkingu
á íbróttamálum. Héraðsdómendur mega ekki vera yngri en 21 árs.
Í dómnum má ekki sitja nema einn maður úr sama félagi, hvorki
sem aðal- né varamaður.

10. gr.

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings
og sé þeim síðan vísað til laganefndar sem skal vera ein af
fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytingar skulu
hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing.

11. gr.

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða
á héraðsþingi.

12. gr.

Með gildistöku laga þessara eru úr gildi fallin eldri lög
sambandsins.

REKSTRARREIKNINGUR fyrir árið 1985.

Rekstrartekjur:

Framlög og styrkir:

Framlög svetarfélaga	167.500,00
Framlög sýslusjóðs	125.000,00
Útbreiðslustyrkur	<u>204.423,00</u>
Samtals:	496.923,00

Fjáraflanir:

Getraunir	91.579,95
UMSK blað	45.776,65
Ýmsar tekjur	157.102,00
Hagnaður af sölu mannv. í Þjórsárdal	<u>70.000,00</u>
Samtals:	364.458,60

Tekjur alls 861.381,60

Rekstrartap 1985 180.240,77
1.014.622,37

Rekstrargjöld:

Laun og bílastyrkur	479.429,36
Rekstur skrifstofu	110.952,45
Verðlaun	49.927,00
Annar kostnaður	270.728,90
Skattur til ÍSÍ og UMFÍ	25.360,00
Rekstur Mjólnisholti 14	16.115,00
Afskriftir	<u>89.109,66</u>
Gjöld alls	<u>1.041.622,37</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR pr. 31. 12. 1985

Fjármunir.

Veltufjármunir:

Bankainnistæður	144.175,68
Viðskiptakröfur	<u>3.266,27</u>
Veltufjármunir alls	<u>147.441,95</u>

Fastafjármunir:

Sumarhús	30.000,00
Tjald	6.000,00
Skrifstofuáhöld	59.300,00
Fáni	10.000,00
Innréttingar í Mjölnisholti 14	445.545,66
Afskriftir (20%)	<u>-89.109,66</u>
Fastafjármunir alls	<u>356.436,00</u>
Fjármunir alls	<u>609.177,95</u>

Fjármagn.

Skammtíma skuldir	<u>68.752,89</u>
Eigið fé:	
Höfuðstóll 1.1.	720.665,83
Tap ársins	<u>180.240,77</u>
Eigið fé samtals	<u>540.425,06</u>
Fjármagn alls	<u>609.177,95</u>

Hef yfirfarið framanskráðan rekstrarreikning og efnahagsreikning og tel þá vera rétta.

Engjellur A. Sveinsson



Sýslumáðurinn í Arnessýslu
Bæjarfógetinn á Selfossi

Selfossi, 4. júní
KFJ/akk

LÖGREGLAN Í ARNESSÝSLU
Hrífholti 8 - 800 Selfossi

SELFOSSI, 21. maí 1985.

Vísab er til bréfs Ungmennasambands Kjalarnesþings
dags. í Reykjavík 17. o.s. 1985, til sýslumanns Arnessýslu.
Í bréfi þessu er óskab heimildar til samkomuhalds í
Þjórásárdal dagana 21 - 23 júní 1985.

Að yfirveðuðu máli tel ég undirritaður ekki rétt að
umbeðið leyfi verði veitt.

Með vísan til bréfs yðar dags. 17. maí s.l., varðandi
samkomu í Þjórásárdal daganna 21. 22. og 23. júní n.k. skal
tekið fram, að embættió mun ekki heimila ofangreinda samkomu.

Meðfylgjandi er umsögn Jón I. Guðmundssonar yfirlögreglu-
þjóns.

Virðingarfyllt,

Jón I. Guðmundsson

yfirlögregluþjónn

Ungmennasamband Kjalarnesþings,

Mjólinisholti 14,

P.O.Box 5271,

125 Reykjavík.

Til: Sýslumanns Arnessýslu.